

Klippikort á móttökustöðina við Sandskeið Taka gildi 01.01.19



Allir greiðendur sorphirðugjalda fyrir heimili og sumarbústaði, geta nálgast klippikort á skrifstofu sveitarfélagsins. Með sorphirðugjöldunum fylgir eitt klippikort á ári hverri fasteign. Ef kortið klárast er hægt að kaupa nýtt kort á kr 8.500.- í þjónustuveri Dalvíkurbyggðar.

Eitt klipp á klippikortinu er 0,25 rúmmetrar, heildar rúmmetra fjöldi á hverju korti eru 4 rúmmetrar. Einungis er tekið klipp af förmum sem eru gjaldskyldir. Rekstraraðilar fá ekki klippikort afhent en þeir geta keypt sér kort í þjónustuveri og er þá innheimt í samræmi við gjaldskrá sveitarfélagsins.

Mikilvægt er að allir sem koma með farma á gámavöll séu búnir að forflokka og rúmmálsminnka farminn eins og kostur er. Öðrum kosti má búast við að tekið sé klipp af öllum farminum

- Klippikort fá allir greiðendur sorphirðugjalda í sveitarfélaginu afhent einu sinni á ári. Rekstraraðilar þurfa að kaupa slík kort.
- Kortinu er framvísað við komu á gámavöllinn og skoðast sem aðgöngumiði.
- Hvert kort heimilar losun á samtals 4 m³. Af gjaldskyldum úrgangi. Hvert klipp er ¼ úr m³
- Starfsmaður metur farma og klippir af korti í samræmi við magn og úrgangstegund.
- Ekki er tekið klipp fyrir úrgang sem ber úrvinnslugjald.
- Ef kortið klárast innan árs þarf að kaupa nýtt. Kostar kr 8.500.-

Viðskiptavinir gámavalla



MEÐ KLIPPIKORT

- Starfsmaður metur farminn og leiðbeinir hvar losa skuli.
- Klippir af korti. Eitt eða fleiri klipp eftir umfangi.
- Klárast kort innan árs þarf að kaupa nýtt.
- Klippikort eru seld á skrifstofu sveitarfélags en ekki á gámavelli.

EKKI MEÐ KLIPPIKORT

- Starfsmaður tekur niður upplýsingar um viðkomandi: Nafn, kennitölu og heimilisfang. Færir upplýsingar í frumbók ásamt úrgangstegund og rúmmáli.
- Úrgangshafi kvittar fyrir og fær sendan reikning frá sveitarfélaginu.
- Klippikort eru seld rekstraraðilum. Afgreidd í þjónustuveri skv. gjaldskrá sveitarfélagsins hverju sinni.

Gjaldskilt (klippt af korti)

Blandaður úrgangur
Heimilisúrgangur
Grófur úrgangur/Húsgögn
Lífrænn úrgangur
Dýrahæ
Timbur
Steinefni(gler-mold-múrbrot)
Garðaúrgangur
Plast sem ekki eru umbúðir

Til endurvinnslu (ekki klippt)

Plastumbúðir
Bylgjupappi
Drykkjarfernur
Dagblöð/tímarit
Málmar
Landbúnaðarplast
Steikingarfeiti
Raftæki
Hjólbarðar
Spilliefni

Steinefni og garðaúrgangur er gjaldfrír (án klipps) sé honum komið af viðkomandi beint í Hrísarhöfða. En tekið er klipp af korti berist slíkur úrgangur á gámavöll.